



HAFNARFJÖRÐUR

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
b.t. Páls Guðjónssonar og
Hrafnkels Proppé

Hafnarfirði, 8. nóvember 2016
1602126 JOG

Efni: SSH – kynningarfundur um "Borgarlínu" 21. október sl.


Góðan daginn

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar tók fyrir tillögu að borgarlínu sem kynnt var á fulltrúaráðsfundi SSH þann 21. október 2016.

Athugasemd:

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar gerir eftirfarandi athugasemd við framlagða tillögu að borgarlínu sem kynnt var á fundi þann 21. október 2016:

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar óskar eftir að Reykjanesbraut verði hluti af borgarlínu





HAFNARFJÖRÐUR

Rökstuðningur:

Hjá Umhverfis- og framkvæmdaráði höfum við haft til skoðunar innanbæjarkerfi strætó og tengingar við önnur sveitarfélög og réðum til okkar samgöngusérfræðing, Lilju Karlsdóttir til þess að koma með tillögur til úrbóta á leiðakerfi innanbæjaraksturs. Meðfylgjandi er skýrsla Lilju og við bendum sérstaklega á umfjöllun um leið 21 og niðurstöðu á bls. 31:

„Leið 21 hefur alla burði til þess að verða öflug leið til framtíðar og nokkurs konar næsta "leið 1" milli Hafnarfjarðar og annarra sveitarfélaga, en til þess að það verði þarf að hlúa að leiðinni og huga að því að breyta ofangreindum atriðum“

Við sjáum mikla möguleika í leið 21 sem nú ekur frá Firði eftir Reykjanesbraut að Mjódd en með því að lengja leiðina og fjölga stoppistöðvum má sjá fyrir sér að leiðin muni geta vaxið verulega enda er á þessari leið mikil uppbygging íbúðahverfa og má þar nefna Urriðaholtshverfið og mikla mikla uppbyggingu beggja vegna Reykjanesbrautar við Smáralind. Okkar tillaga er að leið 21 verði lengd í báða enda og byrji á Holtinu í Hafnarfirði og aki að Hörpu. Þessi leið gæfi mjög mörgum kost á að fara til vinnu án þess að skipta um vagn og það myndi fjölga farþegum. En tíðni skiptir miklu og þar sem þessi leið er samvinnuverkefni allra sveitarfélaganna sem leiðin keyrir um þá erum við að vinna að þessum breytingum með samráði hlutaðeigandi sveitarfélaga. Meðfylgjandi er skýrsla samgöngusérfræðings sem er að vinna fyrir Hafnarfjörð að breytingum á leiðakerfinu. Ennfremur hefur verið haft gott samráð við samgöngusérfræðinga Strætó bs. sem hafa komið á framfæri sínum tillögum og athugasemdum.

Við höfum haft gott samráð við íbúa með opnum fundum og facebook síðu auk þess sem við rýnum innstigstölu frá Strætó bs og okkar markmið er að fjölga farþegum sem nota Strætó til og frá vinnu.

Það er okkar mat að farþegar horfi mest til tímalengd ferða og tíðni. Of margar skiptingar fækka þeim sem telja Strætó raunhæfan valkost.

Meðfylgjandi er skýrsla Lilju Karlsdóttir sem vitnað er til í rökstuðningi.

Með von um skjót og góð viðbrögð!

Virðingarfyllst,
Fh Umhverfis- og framkvæmdaráðs,
Helga Ingólfssdóttir
Bæjarfulltrúi
helgai@hafnarfjordur.is
gsm 6645538

Afrit:
Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri Hafnarfjarðar